

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 225/2012****2013/EES/18/21****frá 7. desember 2012****um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, hefur fallið úr gildi og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XV. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 1e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001) falli brott.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 1h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB):

„1ha. **32012 R 0360**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „2. mgr. 106. gr. sáttmálans“ í 1. mgr. 1. gr. komi orðin „2. mgr. 59. gr. EES-samningsins“.
- b) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 1. gr.:  
„Reglugerðin á aðeins við um atvinnugreinar sem heyra undir 61. til 64. gr. EES-samningsins.“
- c) Í stað orðanna „1. mgr. 107. gr. sáttmálans“ í 1. mgr. 2. gr. komi orðin „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.
- d) Í stað orðanna „3. mgr. 108. gr. sáttmálans“ í 1. mgr. 2. gr. komi orðin 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 360/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.